

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 10.50 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1 135.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 383.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 810.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 2 241.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 219.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 185.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 197 5. maí 1977.

Samgönguráðuneytið, 13. febrúar 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Húsavíkur.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Húsavíkur, sem fá vatn úr vatnsveitu bæjarins, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna.

Álagningarstofn almenns vatnsskatts skal vera heildarmat hvernar fasteignar, þ. e. a. s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar.

Hafi fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki verið virt fasteignamatsvirðingu, ákveður bæjarráð skattinn, að fengnum tillögum orku- og veitunefndar.

2. gr.

Af húsum, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu sem í þeim er rekin, eða af öðrum ástæðum, skal greiða aukagjald, sem nefnist auka-vatnsskattur.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkv. mældri notkun, en verði því eigi við komið, ákveður vatnsveitan aukavatnsskattinn samkvæmt áætlaðri notkun.

3. gr.

Af öllum fasteignum, sem skattskyldar eru samkv. 1. gr., skal greiða vatnsskatt sem nemur 0.2% af heildarfasteignamati eignarinnar.

Lágmarksvatnsskattur skal vera kr. 3 500.00 og er það einnig gjald vegna nýtingar vatnslinda í landi bæjarins, sbr. 3. gr. reglugerðar fyrir Vatnsveitu Húsavíkur.

Á fasteignum, sem notaðar eru til annars en venjulegra heimilisnota, er bæjarstjórn heimilt að ákveða vatnsskatt, sem nemur allt að 0.4% af heildarfasteignamati eignarinnar. Slík ákvörðun gildir aðeins fyrir eitt ár í senn.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er samkvæmt 2. gr., skal vera kr. 16.00 á hvern m³ vatns.

4. gr.

Um tengigjöld til vatnsveitu er ákvarðað í reglugerð um gatnagerðargjöld í Húsavíkurkaupstað nr. 232 frá 26. maí 1978.

5. gr.

Greiðsla fyrir vatn, sem selt er til skípa í Húsavíkurhöfn skal vera kr. 125.00 á hvern m³ vatns.

Vatn til nota og vatnssölu Húsavíkurhafnar skal greitt með föstu gjaldi samkv. nánari ákvörðun orku- og veitunefndar.

6. gr.

Vatnsveitan lætur notendum í té löggitla vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli sem hér segir:

ø 20—32 mm	kr. 3 000.00
ø 40 mm	— 4 000.00
ø 50 mm	— 10 000.00
ø 80 mm	— 20 000.00
ø 100 mm	— 25 000.00

7. gr.

Gjalddagi vatnsskatts hvers árs er sá sami og gjalddagi fasteignaskatts. Aukavatnsskatt er heimilt að innheimta mánaðarlega.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við fasteignamat það er tók gildi 31. des. 1976, og skulu breytast í samræmi það.

9. gr.

Vatnsskatt af fasteignum má taka lögtaki og má gera lögtak í hinu skattskylda húsi án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðs í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Sé vatnsskattur eða vatnsgjöld í vanskilum er heimilt að loka vatnsrennsli til gjaldanda.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur, staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 22. febrúar 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.